

Verkefni 3 - Samspil myndar og texta á veggspjaldi. Í verkefnalýsingu kemur fram að sjónum skuli beint að hönnun áróðursplakata á tímabili fyrri heimstyrjaldarinnar.

Fyrir valinu varð veggspjald frá Þýskalandi, fengið af síðunni <http://ww1propaganda.com/>¹.



1 <http://ww1propaganda.com/ww1-poster/bolschewismus-heisst-die-welt-im-blut-ers%C3%A4ufen>

Á veggspjaldinu er úlfur sem stendur við blóðugt vatn og þar er manneskja að drukkna. Í bakgrunninum eru rústir mannvirkja. Textinn á þessu veggspjaldi er „Bolschewismus heisst die Welt im Blut ersäufen“ sem á íslensku merkir „Bolsévismi merkir að baða heiminn í blóði“. Veggspjaldið var hannað í tengslum við áróðursherferð þýskra hægri afla gegn bolsévisma og þá um leið gegn vinstri öflum í þýskum stjórnámálum á þessum tíma. Það var prentað í Berlín af Heymann und Schmidt A.G., árið 1919.² Frumritið er varðveitt á Ríkissafni Þýskalands um nútímasögu og fjölmiðlun (Rehse-Archiv für Zeitgeschichte und Publizistik). Frumritið er 115 x 92 cm að stærð og unnið með grafískri þrykkæknismetod sem nefnist litógrafía (lithography)³. Listamaðurinn sem vann þetta veggspjald hét Johannes Safis, nafn hans sést skrifað neðst í hægra horni verksins. Hann var atkvæða mikill við gerð veggspjalda á þessum tíma, en síðasta verkið eftir hann kom fram árið 1928.⁴

Árið 1919 var veggspjaldinu ætlað að lýsa þeirri ógn sem steðjaði af bolsévisma og þá um leið af vinstri mönnum í stjórnámálum Þýskalands. Veggspjaldið höfðaði til þess hryllings sem Þjóðverjar upplifðu í fyrri heimstyrjöldinni og með því var reynt að spila á tilfinningar fólks og tengja saman vinstri öfl við þann óhugnað. Áróðurinn var að þessum öflum fylgdi áframhaldandi niðurrif og hryllingur.

Myndmálið er gróft: Grimmur úlfur með blóðuga framfætur vomar yfir blóðlituðu vatni þar sem manneskja er við það að drukkna. Grimmur skín úr augum úlfsins. Gefið er í skyn að úlfurinn muni hvað úr hverju rífa manneskjuna á hol. Rústir húsa í bakgrunni vísa til þess niðurrifs sem stríðið hafði í för með sér. Rústir, blóð, lík voru minningar fólks frá fyrri heimsstyrjöldinni sem var að baki á þessum tíma og á veggspjaldinu er ætlunin að tengja það við bolsévismann og vinstri stefnu í stjórnámálum.

Litirnir eru kröftugir: Rauður, gulur, hvítur og svartur. Blóðrautt vatnið tengist dauða og þjáningu, manneskjan er náhvít að lit, gullitaður himininn vísar til elds og tortýmingar og svartur úlfurinn tengist hinu illa. Þessir kröftugu litir gera þetta veggspjald sjáanlegt í mikilli fjarlægð.

Letrið er hálfsubbulegt og í stíl við myndefnið: Það er eins og rauðu stafirnir efst hafi verið ritaðir með blóði sem lekur aðeins til og neðst er eins og kolsvörtu stafirnir hafi runnið til í rauðu fljótinu. Letrið er stórt og því hægt að lesa það úr mikilli fjarlægð.

Með því að lesa orðin „Bolschewismus heisst“ og virða fyrir sér myndina af grimmmum úlfinum og náhvíta líkinu þá kemst boðskapurinn til skila. Án textans nær þessi mynd ekki boðskapnum, því þá gæti hún allt eins verið veggspjald til að minna fólk á ógnir stríðsins. Og textinn einn og sér gæti ekki náð fram þeim áhrifum sem þetta veggspjald gerir.

Heimildaskrá

Library of Congress, <http://www.loc.gov/> Síða skoðuð 28.janúar 2016

World War One, Propaganda Posters, <http://ww1propaganda.com/ww1-poster/bolschewismus-heisst-die-welt-im-blut-ers%C3%A4ufen> Síða skoðuð 28.janúar 2016

Australian War Memorial, <https://www.awm.gov.au/collection/ARTV00130/> Síða skoðuð 28. janúar 2016

Reykjavík 28. janúar 2016

Sigurlaug Kristmannsdóttir

² <http://ww1propaganda.com/ww1-poster/bolschewismus-heisst-die-welt-im-blut-ers%C3%A4ufen>

³ <http://www.loc.gov/pictures/item/2004666185/>

⁴ <https://www.awm.gov.au/collection/ARTV00130/>